

FUNDARGERÐ

EB 51-01-00/útg. 1

verkheiti: **SKARÐSHLÍÐARSKÓLI** tilvísun: 17103
fundur: Stöðufundur nr. 10 dags.: 23.1.2018

EB 51-01-00/útg. 1

Staður og tími: Norðurhelli 2, þriðjudaginn 23. janúar 2018, kl. 8.30

Fundarmenn: Gunnar Örn Steingrímsson GÖS Eykt
Þorgeir Magnússon ÞM Eykt
Rannveig Hafberg RH Aðstoðarskólalastjóri
Hrund Apríl Guðmundsdóttir HAG Aðstoðarmaður sviðsstjóra
Sigurður Haraldsson SH Sviðsstjóri
Stefán B. Veturliðason SBV VSB

liður **Efni** ábyrgð

0 **Síðasta fundargerð**
Engar athugasemdir voru gerðar við fundargerð síðasta fundar.

2.3 **Hönnun, teikningar og önnur gögn**

Eftirfarandi atriði er snúa að hönnun voru rædd og eftirfarandi bókað:

Eldhús: Umsögn heilbrigðiseftirlits, ekki er komið endanlegt svar. Rætt var GÖS
um val á tækjum í eldhús. Verktaki mun senda lista yfir tækjaval.

Deiliskipulag lóðar: Breyting á skipulagi lóðar, þar sem að innkeyrsla á lóð ISC
hefur verið færð til samræmis við gildandi deiliskipulag. Arkitekt mun ræða
við skipulagsfulltrúa.

Fastar innréttingar:
Hugmyndir verkkaupa að skápum á hjólum er í skoðun hjá verktaka. GÖS

Hurðir í heimastofum:
Tillagar 2 sem samþykkt var að velja á síðasta fundi gengur ekki upp vegna GÖS/
burðarpóls byggingarinnar. Ráðgjafi mun leggja fram nýja tillögu sem getur ISC
gengið upp, en hún felst að mestu í að horfið verður til fyrri hönnunar að
mestu. Málið verður tekið upp á næsta fundi,

Ræstimiðstöð:
Í ræstimiðstöð verður komið fyrir kaffiáðstöðu starfsmanna fyrst um sinn. ÞM
Miða skal hönnun við að síðar komi þar ræstimiðstöð með starfsmanna-
aðstöðu. Verktaki mun gera tillögu að bráðabirgðaaðstöðu.

Sturtuaðstaða:
Sturtuaðstaða starfsmanna hefur verið færð frá eldhúsi yfir að hjúkrun á 2.
 hæð E. Samþykkt.

Handþurrkur:
Miða skal við rafmagnshandþurrkur / blásara þar sem hendur eru settar ofan ISC
í tækið. Hæð skal vera lækkuð fyrir leikskóla og yngsta stig.

- 2.3 **Sorpmál:**
Ákveðið er að sorpmál verða leyst með djúpgámum. Þarf að skoða staðsetningu og lausnir (Hafnarbakki). Flokkun verður í pappa og svo annað sorp. PM
- Litaval:**
Verktaki lagði fram sýnishorn á litum utanhússklæðningar, Verður rætt frekar á næsta fundi.
- 3.8 **Efnissamþykktir**
Verktaki mun setja upp sérstaka möppu á dropbox fyrir gögn efnissamþykktar. PM/SBV
- 6.1 **Stöðufundir**
Fundir eru haldnir annan hvern þriðjudag á Norðurhelli kl. 8.30. Á fundina mæta fulltrúar verktaka og ráðgjafa auk fulltrúa verkkaupa. Ráðgjafar mæta að jafnaði á annan hvern fund. Skólastjóri mun sitja fundina.
- 6.6 **Verkframkvæmd, verkstaða**
Bygging C: Hluti veggja 2. hæðar var steyptur í gær.
Bygging A og B: Búið að taka út hluta grunnlagna.
Verktaki bókar að tafir vegna veðurs í janúar séu 11 dagar.
Steypa í gær 24. janúar var fyrsta steypa í 2 vikur.
- 6.7 **Verkáætlun, framvinda verks**
Verkið er aðeins á eftir áætlun en verið að vinna það upp. Verktaki ætlar að skila 1. áfanga á umsömdum tíma.
- 8.1 **Önnur mál**
Verkkaupi tilkynnti að Verkís, Bjarni Jónsson sé að hefja eftirlit með framkvæmdum.
- 8.2 **Næsti fundur**
Næsti stöðufundur verður á Norðurhelli, þriðjudaginn 30. janúar nk., kl. 9.30.

*Fundarritari: SBV
Dreifing fundargerðar; Fundarmenn*